

**62. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
8. október 2018 og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Ólafur Páll Gunnarsson formaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Helga Kristín Björgólfsdóttir aðalmaður, Ingþór B. Þórhallsson aðalmaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, Jónella Sigurjónsdóttir fulltrúi Hvalfjarðarsveitar og Ella María Gunnarsdóttir forstöðumaður menningar- og safnamála.

Fundargerð ritaði: Ella María Gunnarsdóttir, forstöðumaður menningar- og safnanefndar.

Fyrir tekið:

1. 1801298 - Kynningarmál Byggðasafnsins 2018

Forstöðumaður kynnir hugmynd að breyttu vörumerki fyrir Byggðasafnið í Görðum.

Forstöðumaður kynnti hugmynd að breyttu vörumerki Byggðasafnsins fyrir nefndarmönnum. Forstöðumanni falið að koma með fleiri hugmyndir.

2. 1809053 - Menningarverðlaun Akraness 2018

Forstöðumaður leggur fram lista yfir ábendingar um Menningarverðlaun Akraness 2018 sem bærust í gegnum vefinn akranes.is.

Nefndin fór yfir innsendar tillögur og var einróma í tillögu sinni til bæjarráðs um handahafa Menningarverðlauna Akraneskaupstaðar 2018. Forstöðumanni falið að koma tillögu nefndarinnar á framfæri.

3. 1809052 - Vökudagar 2018

Umræða um Vökudaga 2018.

Nefndin ræddi dagskrá Vökudaga og hvetur bæjarbúa til að taka virkan þátt hvort sem er með því að standa fyrir viðburðum eða sækja þá.

4. 1810085 - Fjárhagsáætlun 2019, menningar- og safnamál

Umræður um fjárhagsáætlun málaflokksins árið 2019.

Forstöðumaður fór yfir áherslur í fjárhagsáætlun málaflokksins 2019 í samræmi við nýja menningarstefnu kaupstaðarins. Forstöðumanni falið að koma áherslum nefndarinnar inn í áætlunargerð kaupstaðarins. Formaður og fulltrúi Hvalfjarðarsveitar yfirgefa fund.

5. 1810080 - Umsókn um styrk

Innsent erindi lagt fyrir nefndina.

Nefndin þakkar fyrir innsent erindi. Umsækjandi er hvattur til að sækja um menningarstyrk á vef Akraneskaupstaðar. Opnað verður fyrir umsóknir þann 1. nóvember nk.

6. 1809174 - Málsmeðferðarreglur vegna styrkumsókna

Uppfærðar málsmeðferðarreglur vegna styrkumsókna lagðar fram til samþykkis nefndarinnar.

ÓPLS
16
GÖR

Málsmeðferðarreglur lagðar fyrir og samþykktar af nefndinni.

7. 1810031 - Írskir dagar 2019

Forstöðumaður kynnir ýmsar hugmyndir tengdar Írskum dögum.

Ýmsar hugmyndir tengdar Írskum dögum voru kynntar. Rætt var m.a. um mögulega vinabæi á Írlandi.

8. 1703123 - Stefnumótun í menningar- og safnamálum 2017-2018

Minnisblað bæjarbókavarðar dags. 28.09.2018 lagt fyrir.

Unnið að skilgreiningu verkefna til að framfylgja Menningarstefnu Akraness.

Minnisblað bæjarbókavarðar lagt fram. Nefndin mun hafa minnisblaðið til hliðsjónar þegar unnið verður að úrvinnslu stefnumótunar sem tengist bókasafninu. Vinnu við skilgreiningu verkefna til að framfylgja Menningarstefnu Akraness frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:30.

Guðrún Ólafsson
 Inga B. Þirkadóttir
 Guðmundur Ólafsson
 Helga Kristín Björgólfssd.
 Hla Marna Gunnarsdóttir
 Óli Páll
 Jonella Sigurjónsdóttir